



Sjómannadagsráð

i Reykjavík og Hafnarfirði

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Rósa Guðbjartsdóttir
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hrafnista v/Brúnaveg • 104 Reykjavík
Símar: 585 9301 • 585 9302 • 585 9500
Fax: 585 9308 • Netfang:simi@hrafnista.is

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	23/11/2018
Málsnr:	1811368
Bréfal:	331

Hafnarfjörður, 15. nóvember 2018.

Viðræður um aukið samstarf í þjónustu við aldraðra

Sjómannadagsráð hefur gengt mjög mikilvægu samfélagslegu hlutverki fyrir Íslendinga í áttatíu ár. Starfsemin hefur ávallt verið rekin án hagnaðarmarkmiða og hefur ráðinu tekist með atorku sinni og útsjónarsemi að koma á fót stærstu fyrirtækjum landsins sem sérhæfa sig í að þjóna öldruðum. Nú er svo komið að félög Sjómannadagsráðs veita daglega á annað þúsund aldraðra Íslendinga þjónustu með ýmsum hætti.

Fremst í flokki þeirra fyrirtækja er Hrafnista sem í dag rekur hjúkrunarheimili á sex stöðum í fimm sveitarfélögum. Íbúar þeirra eru samtals um 600 og hefur starfsemin nú varað í 60 ár. Að auki eru 300-400 aðrir aldraðir einstaklingar sem njóta þjónustunnar. Á Hrafnistuheimilunum er að finna fjölbreytta þjónustu sem hentar öldruðum vel. Sem dæmi má nefna: Hjúkrun- og læknispjónustu, endurhæfingu, sundlaugar, iðjubjálfun, prestþjónustu, líkamsrækt, mjög fjölbreytt félagsstarf og ýmsar uppákomur, mötuneyti, hárgreiðslu, snyrtistofur, verslanir og þvottahús. Um 1.200 starfsmenn starfa á Hrafnistuheimilunum sem skipar starfseminni á bekk með fjölmennari vinnustöðum landsins. Starfsfólk Hrafnista leggur mikinn metnað í að veita góða og markvissa þjónustu þannig að heimilisfólkI líði sem allra best.

Þá rekur Sjómannadagsráð einnig fyrirtækið Naustavör sem leigir út rúmlega 200 íbúðir fyrir aldraða í þremur sveitarfélögum. Sérstaða íbúðanna byggist á því að þær eru allar sérhannaðar til að mæta þörfum aldraðra og eru tengdar beint með innangengum göngum við þjónustu sem veitt er á Hrafnistuheimilunum. Í þessum íbúðum búa nú tæplega 300 aldraðir Íslendingar, en langflestir þeirra eru eldri en 80 ára.

Frá árinu 1977 hefur Sjómannadagsráð starfrækt hjúkrunarheimili Hrafnista við Hraunvang hér í Hafnarfirði. Þessi blómlega starfsemi eins stærsta hjúkrunarheimilis landsins samanstendur af rúmlega 200 hjúkrunar- og dvalarrýmum ásamt 26 dagbjálfunarrýmum. Í næsta nágrenni Hrafnistuheimilisins eru í dag um 110 íbúðir sem ætlaðar eru fyrir aldraða.

Til að mæta aukinni þörf fyrir aðstöðu aldraðra í Hafnarfirði og nágrenni, ásamt uppsafnaðri þörf fyrir endurbótum á núverandi húsnæði Hrafnista hyggst Sjómannadagsráð ráðast í stórar fjárfestingar á næstu tveimur áratugum.

Fyrirhugað er m.a. að byggja um 120 nýjar leiguíbúðir fyrir aldraða á lóðinni við Hrafnista og veita þeim aðgang að þjónustu og félagsstarfi í samstarfi við Hrafnista.

Þá liggur einnig fyrir að á næstu árum þarf að ráðast í verulegar framkvæmdir við endurnýjun á húsnæði Hrafnista í Hafnarfirði. Markmið breytinganna er að endurnýja húsnæðið í samræmi við nútíma kröfur í öldrunarþjónustu. Áætlað er að ferlið taki 10-12 ár og kostnaður sé 3-4 milljarðar króna. Til að raska starfseminni sem minnst verður verkið framkvæmt í mörgum skrefum.

Nú stendur yfir undirbúningur fyrir þessa viðamiklu fjárfestingu. Vegna fjölgunar aldraðra í kringum Hrafnistu, bæði undanfarið og einnig í nánastu framtíð sem nú er í fullum undirbúningi, hafa vaknað upp spurningar um aukna þjónustu fyrir aldraðra í nágrenninu og jafnvel hvort koma ætti á laggirnar þjónustu-/félagsmiðstöð fyrir aldraða á lóðinni. Þannig væri hægt að samnýta ýmsa þjónustumöguleika öllum til hagsbóta. Mikilvægt er þó að ákveða slíkt fyrr en seinna.

Með erindi þessu óska undirritaðir eftir fundi með bæjarstjóra til að ræða frekar samstarf um þjónustu við aldraða á lóð og nágrenni Hrafnista/Sjómannadagsráðs i samræmi við ofangreint.

Virðingarfyllst,

Hálfdan Henrysson
Stjórnarformaður
Sjómannadagsráðs

Pétur Magnússon
Forstjóri
Hrafnistuheimilanna

Sigurður Garðarsson
Framkvæmdastjóri
Sjómannadagsráðs